Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1819
komudagur 28.2.2013

Evrópa unga fólksins

Reykjavík, 28. febrúar 2013

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Umsögn landskrifstofu Evrópu unga fólksins á Íslandi um *frumvarp til laga um útlendinga, þingskjal 917, 541. mál*

Landsskrifstofa Evrópu unga fólksins á Íslandi fer með úthlutun styrkfjár Ungmennaáætlunar Evrópusambandsins, Evrópu unga fólksins (e. *Youth in Action*), á Íslandi. Ísland á aðild að þessari áætlun vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Meðal annars styrkir Evrópa unga fólksins íslensk samtök til þess að taka á móti sjálfboðaliðum á aldrinum 18-30 ára frá öðrum Evrópulöndum sem dvelja á Íslandi í allt að 12 mánuði undir yfirskriftinni **Evrópska sjálfboðaliðaþjónustan** (e. *European Voluntary Service, EVS*). Á árinu 2012 námu styrkir Evrópu unga fólksins vegna Evrópsku sjálfboðaliðaþjónustunnar € 357.242 (um 61.000.000 kr.) og alls komu 56 sjálfboðaliðar til Íslands.

Til viðbótar við ríki Evrópska Efnahagssvæðisins eiga ungmenni frá ríkjum Austur-Evrópu, Kákasussvæðinu, Suðaustur-Evrópu og Tyrklandi kost á því að taka þátt í verkefnum styrktum af Evrópu unga fólksins.

Verði frumvarp innanríkisráðherra til laga um útlendinga samþykkt óbreytt eru nokkur atriði sem hætt er að myndu skerða tækifæri stórs hóps ungmenna til þátttöku í Evrópsku sjálfboðaliðaþjónustunni á Íslandi.

39. grein – Dvalarleyfi fyrir sjálfboðaliða:

- Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að veita útlendingum sem eru eldri en 18 ára leyfi til að koma til Íslands og starfa fyrir *„viðurkennd góðgerðar- og/eða sjálfboðaliðasamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og eru undanþegin skattskyldu skv. 4 gr. laga nr. 90/2003."* Í lögunum er einnig lagt til að innanríkisráðherra verði heimilt að setja reglugerð um hvernig skilgreina skuli viðurkennd góðgerðar- og/eða sjálfboðaliðasamtök. Á vegum Evrópu unga fólksins er nú þegar til staðar samræmt viðurkenningarferli fyrir sjálfboðaliðasamtök sem taka þátt í Evrópsku sjálfboðaliðaþjónustunni. Þó ekki sé ástæða til að lögfesta það kerfi hér á landi er nauðsynlegt að lög og reglugerðir sem gilda á Íslandi gangi ekki gegn þessu sama kerfi. Þar ber einkum að benda á það að sjálfboðaliðastarf fer oft fram á vegum opinberra aðila. Ýmis íslensk sveitarfélög, svo sem Reykjavíkurborg og Sveitarfélagið Skagafjörður, hafa umtalsverða reynslu af því að taka á móti sjálfboðaliðum frá Evrópu og nauðsynlegt er að hefta ekki þá möguleika með nýjum lögum. Þá er í greinargerð með frumvarpinu minnst á að gert sé ráð fyrir að sjálfboðaliðasamtök starfi almennt á alþjóðavísu, en rétt er að benda á að

nú þegar eru starfandi nokkur sjálfboðaliðasamtök sem einungis starfa á Íslandi sem og samtök og sjálfseignarstofnanir sem ekki eru sérhæfð sjálfboðaliðasamtök en taka engu að síður á móti sjálfboðaliðum (s.s. Sólheimar). Því leggur landsskrifstofa Evrópu unga fólksins til að fyrrgreindri setningu verði breytt í *„viðurkennd góðgerðar- og/eða sjálfboðaliðasamtök, sjálfseignarstofnanir eða sveitarfélög."* Einnig leggur landskrifstofa Evrópu unga fólksins til að í síðustu efnisgrein 39. greinar sé tekið fram að sú reglugerð sem ráðherra setji um þau skilyrði sem samtök þarf að uppfylla til að teljast viðurkennd góðgerðar- og/eða sjálfboðaliðasamtök skuli taka mið af þeim alþjóðlegu reglum þar um sem þegar eru nýttar á Íslandi.

- Í frumvarpinu er lagt til að *„hámarksdvöl samkvæmt ákvæði þessu [sé] tólf mánuðir".* Tólf mánuðir er einnig hámarkstími sjálfboðaliða sem Evrópa unga fólksins styrkir um alla Evrópu. Verði lögin samþykkt þannig að hámarksdvöl séu tólf mánuðir munu sjálfboðaliðar ekki hafa neitt svigrúm til þess að taka sér skamman tíma í að koma sér fyrir áður en sjálfboðaliðastarfið hefst eða undirbúa flutning eftir að sjálfboðaliðastarfinu lýkur. Landskrifstofa Evrópu unga fólksins leggur þess vegna til að hámarksdvöl sjálfboðaliða sé fjórtán mánuðir. Þá getur sjálfboðaliði stundað sjálfboðaliðastarf í tólf mánuði, en haft örlítið svigrúm við upphaf og enda tímabilsins án þess að lenda í vandræðum með að dvalarleyfi renni strax út. Benda má á að í MSH International, sem sér um tryggingar sjálfboðaliða í Evrópsku sjálfboðaliðaþjónustunni, reiknar með tveggja mánaða dvöl til viðbótar tímabili sjálfboðaliðastarfsins í landinu þar sem sjálfboðaliðastarfið fer fram.

41. grein – Dvalarleyfi vegna samninga Íslands við erlend ríki

- Í frumvarpinu er lagt til að *„heimilt [sé] að veita ríkisborgurum tiltekinna ríkja á aldursbilinu 18-26 ára ... dvalarleyfi hér á landi á grundvelli samnings sem íslensk stjórnvöld hafa gert við heimaland viðkomandi útlendings ..."* Þessi efri aldursmörk stangast á við það alþjóðlega samstarf sem Ísland tekur þátt í á sviði æskulýðsmála, en efri aldursmörk æskulýðsstarfs sem styrkt er af Evrópusambandinu og Ísland tekur þátt í vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eru 30 ára. Því leggur landsskrifstofa Evrópu unga fólksins til að 41. grein sé látin gilda fyrir 18-30 ára í stað 18-26 ára.

Að lokum vill landskrifstofa Evrópu unga fólksins lýsa yfir ánægju sinni með heildarendurskoðun laga um útlendinga.

Með von um góðar viðtökur,

Menntun og menning
Evrópa unga fólksins
Sigtúni 42 IS-105 Reykjavík
Ísland Tel. 354-551-9300

Anna R. Möller
Forstöðumaður landsskrifstofu Evrópu unga fólksins á Íslandi